

Greinargerð

Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að styrkja ferðapjónustuna í Norðfirði með því að auka og bæta þjónustu fyrir ferðamenn með uppbyggingu nýs tjaldsvæðis. Þjónustubygging verður staðsett innan nýja tjaldsvæðisins.

Afmörkun og staðhættir

Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er staðsett við Strandgötu 62 og er 2,1 ha að stærð. Svæðið liggur milli deiliskipulags Snjóflóðavarnir Neskaupstað – Tröllagil samþykkt 8.10.2009 (austan megin) og hafnar- og iðnaðarsvæðis (vestan megin). Til norðurs og suðurs liggur það milli fjalls og fjöru. Ormsstaðatindur gnæfir yfir svæðinu og stutt er í fjöruna hinu megin við Strandgötuna. Fyrir er á svæðinu bygging sem ákveðið hefur verið að rífa þar sem það er staðsett innan snjóflóðahættusvæðis. Svæðið fær því nú nýtt og heppilegra hlutverk sem tjaldsvæði. Lóðin er í dag í eigu Fjarðarbyggðar. Deiliskipulagssvæðið liggur að hluta til í halla og er innan þéttbýlismarka Norðfjarðar.

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif vegna deiliskipulagsins eru talin óveruleg en skipulagssvæðið er að mestu leiti staðsett á þegar röskuðu landi.

Fornleifar

Unnin var fornleifaskráning af svæðinu í mars 2024 (Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit vegna nýs tjaldsvæðis í Norðfirði) og kemur þar fram: „Engar minjar fundust við vettvangsskráningu á deiliskipulagssvæðinu. Tvennar minjar, handgravnir skurðir, voru hins vegar skráðar eftir gamalli loftmynd. Skurðirnir eru báðir horfnir vegna framkvæmda“.

Ef fornleifar sem áður voru ókunnar finnast á framkvæmdartíma skal fara eftir 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Skipting svæða innan skipulags

Deiliskipulagssvæðið skiptist í tjaldsvæði, þjónustubyggingu, veg, bílastæði, gróðursvæði og opin náttúrusvæði. Svæðið skiptis einnig í þrjú stalla þar sem neðri tveir stallarnir eru ætlaðir hjólhýsum, ferðavögnum og þjónustubyggingu en efsti stallurinn er ætlaður fyrir tjald- og leiksvæði.

Tjaldsvæði

Tjaldsvæðinu er skipt í svæði fyrir tjöld annar vegar og svæði fyrir ferðavagna (tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla) hins vegar til að auka öryggi. Tjaldsvæðin fyrir ferðavagna eru tvö, efra og neðra. Neðra tjaldsvæðið er um 1000 m² og áætlað fyrir 9 ferðavagna. Efra svæðið er um 1200 m² og áætlað fyrir 11 ferðavagna. Tjaldsvæðið fyrir tjöld ætti að rúma a.m.k. um 10 meðalstór tjöld eru um 800 m².

Þjónustubygging

Þjónustubyggingin er staðsett á neðsta gistisvæðinu. Gerðar eru kröfur á að vandað sé til verka við byggingu þjónustubyggingarinnar og skal byggingin falla vel að umhverfinu. Byggingin má vera á einni og hálfri hæð og hámarks byggingarhæð 4 m.

Aðkoma að svæðinu og aðgengi innan svæðis



Aðkoma að svæðinu er frá afleggjara að Tröllagili. Vegurinn hlykkjast svo frá neðra svæðinu upp á það efra og er aðgengi frá veginum að öllum tjaldsvæðum, stöllum og þjónustubyggingunni.

14 bílastæði verða á svæðinu, 10 hefðbundin (2,5 x 5) og 4 lengri (2,5 x 8), þar af 1 bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Við enda vegarins er pláss til að snúa við.

Tröppustígar tengja öll svæðin saman og auðveldar þannig aðgengi gangandi umferðar að þjónustubyggingunni frá efra svæði.

Rotþró og losun ferðasalerna

Sýnd eru leiðbeinandi staðsetningar af rotþró og losun ferðasalerna. Skoða þarf vandlega hvar best er að koma þeim fyrir á staðnum miða við hönnun á þjónustubyggingu og legu lands.



Gróður og landmótun

Gróður á svæðinu skal vera fjölbreyttur en við hönnun gróðurs skal tekið tillit til útsýnis og lögð áhersla á að mynda skjól. Staðsetning gróðurs á teikningu er leiðbeinandi.

Grasfláar verða notaðir til að stalla og slétta þar sem þarf til eins og sést á uppdraetti.

Aðrir skilmálar


Staðsetja skal brunahana á svæðinu og öll uppbygging á svæðinu skal taka mið af brunavörnum á tjald- og hjólhýsasvæðum.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Skipulagsfulltrúi



Hluti af aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2020-2040
Skipulagsuppráttur3: Norðfjörður

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- - - Byggingarreitur
- Ný bygging (til skýringar)
- Tjaldsvæði (til skýringar)
- Svæði fyrir ferðavagna
- Malarvegur
- Vegur
- Lækir
- Fjara
- Lóðastærð
- Ræsi
- Grasfláar
- Bílastæði
- Stígur
- Slóði
- Grjóthleðsla/grjótkistur (til skýringar)
- Tröppustígur (til skýringar)
- Losun ferðasalerna (til skýringar)
- Rotþró (til skýringar)
- Vatnslögn
- Vatnslögn aflögð (Asbest)
- Gróður (til skýringar)
- Veghelgunarsvæði

BR, DAGS, BREVING, REKNI, TEKNI

FJARÐABYGGÐ
HAFNARGÖTU 2, 730 REYÐARFIRÐI
SÍMI: 470-9000

LANDMÖTUN • HAFNARBORG 12 • 200 KÓPVOGUR • SÍ 575 5300 • KT, SÍ 1204-2780 • NETIÞ: landmoun@landmoun.is

NORÐFJÖRÐUR - TJALDSVÆÐI
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR
SKIPULAG: ÖÖG
TEKNAÐ: SN, LMR, EP
SAMBYKKT
KT
KVARÐI 1: 1000 (AZ)
KÓPVOGUR
VERKNR.
7300-DU2402

DAGS: 04.06.2024
TEKNI, NR.
D01